

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um aðgerðir til að verja virðingu Alþingis,  
Austurvallar og mikilvægra minnisvarða þjóðarinnar.

Frá Birgi Þórarinssyni.

- Hver er afstaða ráðherra til þess að lögregluþjóföld á höfuðborgarsvæðinu létu ógert að fylgja fram lögreglusamþykkt Reykjavíkur að því er varðar tjaldbúðir sem erlendir aðilar reistu á Austurvelli skömmu fyrir áramót?
- Telur ráðherra að það rúmist innan marka laga að fáni erlends ríkis blakti við Alþingishúsið við Austurvöll dögum saman?
- Hvaða viðurlög liggja við því að sýna mikilvægum minnisvörðum um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld óvirðingu með því að breyta ásýnd þeirra?
- Hvaða aðgerðir hefur ráðherra í hyggju til að verja virðingu Alþingis, Austurvallar og mikilvægra minnisvarða þjóðarinnar og afstýra áþekktum atburðum í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.